

Fimmtudaginn 12. febrúar 1998.

Nr. 438/1997.

**Ákærvaldið**

(Símon Sigvaldason saksóknari)

gegn

**Karli Sigurðssyni**

(Sigurður Eiríksson hdl.)

Börn. Kynferðisbrot. Viðurlagaákvörðun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1997 að ósk ákærða og þá einnig af hálfu ákærvalds. Er því einvörðungu áfrýjað til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga og beitingu réttarreglna í því tilliti. Gerir ákærði þá kröfu, að refsing sín verði milduð og skilorðsbundin, en ákærvaldið krefst þess, að refsingin verði þýngd.

Háttsemi ákærða, sem hann er sakfelldur fyrir með hinum áfrýjaða dómi, varðar við þargreind ákvæði 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna trúnaðarsambands hans og telpunnar og við samsvarandi ákvæði 202. gr. laganna vegna hins unga aldurs hennar. Í dómnum er því réttilega lýst, hvers helst beri að gæta við ákvörðun viðurlaga vegna brotanna, og til þess litið meðal annars, að ákærði hafði átt flekklausan feril fram að því, er atvik málsins gerðust. Ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um refsingu með skírskotun til forsendna hennar, og á dómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og um er mælt í dómsorði.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnaraun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 23. september 1997.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 28. ágúst sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 2. júlí 1997, „... á hendur Karli Sigurðssyni bónda, Heiðarbraut, Reykdælahreppi, Suður-Pingeyjarsýslu, fæddum 11. október 1935, fæðingarnúmer 237, fyrir að hafa þrisvar í janúar 1997, í síðasta skiptið 29. janúar, framið kynferðisbrot gagnvart stúlkubarninu X, fæddri ... 1992, á heimili þeirra að Heiðarbraut, en þar hafði telpa verið vistuð af barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar.

#### **I.**

Að hafa tvívegis í janúar strokið stúlkubarninu innan klæða á bak, rass og ytri kynfæri.

Telst þetta varða við 2. mgr. 201. gr. og síðari málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. og 10. gr. laga nr. 40/1992.

#### **II.**

Að hafa 29. janúar 1997 strokið stúlkubarninu um líkamann innan klæða og niður á rass og kynfæri og snert ytri kynfæri barnsins með getnaðarlim sínum í stutta stund.

Telst þetta varða við 1. mgr. 201. gr. og fyrri málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992.

#### **III.**

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Af hálfu skipaðs verjanda var þess krafist, að ákærði yrði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög framast heimila. Þá krafðist verjandi hæfilegra málsvarnarlauna.

#### **1. Málsatvik.**

Í ársbyrjun 1995 barst félagsmálayfirvöldum í Hafnarfirði barnaverndar-tilkynning vegna telpunnar X, sem fædd er ... 1992, en upplýst er, að vegna félagslegra erfiðleika og annarra atvika hefur telpa og fjölskylda hennar notið stuðnings og aðstoðar um árabil. Auk sérstakra aðgerða barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar varð að ráði í samráði við foreldri að vista telpuna X á lögbýli ákærða, Karls Sigurðssonar, og eiginkonu hans, Y, í þriggja árunum 1995 til 1997. Dvaldist telpa í fyrsta skipti á heimili ákærða 4. júní til 10. ágúst 1995, í annað sinn frá 19. júní til 28. júlí 1996 og loks frá 31. ágúst 1996 til 4. febrúar 1997. Staðfest er í máli þessu, að ákærði og eiginkona hans hafa um árabil tekið við fjölmörgum börnum til skammtavistunar fyrir félagsmálayfirvöld, og hefur heimili þeirra haft meðmæli barnaverndaryfirvalda.

Við reglubundna eftirlitsheimsókn starfsmanna barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar sumarið 1996 greindi húsfreyja, Y, frá grunsemdum sínum um, að X hefði mátt þola kynferðislega áreitni, og eftir viðræður sérfróðra aðila við telpuna var borin fram kæra til Rannsóknarlögreglu ríkisins. Við lögreglurannsóknina var m. a. leitað eftir upplýsingum frá nánasta aðstandanda telpunnar og haft tal af ákærða og Y í októbermánuði 1996. Jafnframt var ákærða og eiginkonu hans veitt ráðgjöf um málefnið af sérfróðum aðilum, m. a. vegna framhalds vistunar X á heimili þeirra. Samkvæmt gögnum málsins var kærumálið felld niður á miðju ári 1997, þar sem ekki þóttu hafa komið fram gögn, er leitt gætu til saksóknar.

Með bréfi, dagsettu 5. febrúar 1997, barst sýslumannsembættinu á Húsavík kæruerindi frá félagsmálayfirvöldum í Hafnarfirði vegna ætlaðra kynferðisbrota ákærða, Karls Sigurðssonar, gagnvart telpunni X, en þá skömmu áður hafði starfsfólki Félagsmálastofnunar Hafnarfjarðar borist tilkynning um hið ætlaða athæfi. Upplýst er, að þá þegar fór félagsmálastjórinn, Marta G. Bergman, ásamt Einari Inga Magnússyni sálfræðingi og Maríu Hjálmarsdóttur yfirfélagsráðgjafa á heimili ákærða, og að kveldi 3. febrúar ræddi nefndur sálfræðingur við telpuna í einrúmi, og var viðtal þeirra tekið upp á myndband. Myndbandið er á meðal rannsóknargagna. Í viðtalinu voru notaðar brúður til að auðvelda telpunni frásögnina. Að loknum þessum fyrstu aðgerðum var telpan tekin af heimili ákærða og færð á vistheimili fyrir börn í Reykjavík.

11. febrúar 1997 var X færð á Barnaspítala Hringins í Reykjavík, en þar var hún skoðuð af Jóni R. Kristinssyni barnalækni og Þóru F. Fischer kvensjúkdómalækni. Samkvæmt vottorði læknanna, dagsettu 17. febrúar sl., sem lagt var fyrir dóminn, voru ekki sýnileg áverkamerki á ytri kynfærum telpunnar. Þá var meyarhaft samfelld og engin merki um örvefsmýndun.

Að beiðni sýslumannsins á Húsavík var telpan X yfirheyrð um kæruefnið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 19. febrúar sl. Viðstödd skýrslutökuna var áðurnefnd María Hjálmarsdóttir yfirfélagsráðgjafi.

Ákærði, Karl Sigurðsson, var yfirheyrður um kæruefnið á lögreglustöðinni á Húsavík fimmtudaginn 6. febrúar sl., en þá kom hann að eigin frumkvæði til skýrslugjafar ásamt talsmanni sínum. Við yfirheyrsluna líkt og fyrir dómi viðurkenndi ákærði skýlaust sakargiftir.

Við skýrslutökur hefur ákærði staðfest áðurgreinda vistun telpunnar X á heimili sínu sumrin 1995 og 1996 svo og samfellda dvöl hennar ásamt eldri systur frá 31. ágúst 1996 til 4. febrúar 1997. Hefur ákærði vísað til þess, að um hafi verið að ræða svokallað bráðabirgðafóstur, en jafnframt staðfest, að þau hjónin hefðu 8. ágúst 1996 sótt formlega og sameiginlega um fóstur-

barn skv. 36. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1982, sbr. lög nr. 22/1995.

Við skýrslutökur hefur ákærði greint frá því, að mjög kært hafi verið með honum og telpunni X, og borið, að telpan hafi frá upphafi kallað hann afa. Ákærði kvaðst hins vegar hafa veitt því athygli við upphaf síðustu vistunar telpunnar, að nokkur breyting hafði orðið á hegðun hennar. Kvað hann telpuna hafa tekið upp á því á haustdögum 1996 að leggjast ofan á sig, er hann lagði sig til hvílu, t. d. eftir hádegi, og þá jafnframt verið nokkuð ágeng í klofi hans. Ákærði kannaðist við að hafa haft lauslegar spurnir um, að telpan hefði mátt þola kynferðislega áreitni veturinn 1995/1996. Fyrir dómi játaði ákærði, að við fyrrgreindar aðstæður og vegna atferlis telpunnar hefði hún á stundum haft kynferðislega örvandi áhrif á sig, og bar, að sá veikleiki hefði orðið þess valdandi, að hann aðhafðist það atferli, sem lýst er í ákæruskjali. Ákærði staðhæfði, að athæfi sitt samkvæmt I. kafla ákæru hefði gerst nokkrum dögum fyrir þann atburð, sem lýst er í II. kafla. Ákærði kvaðst hafa fundið fyrir kynferðislegri örvun í síðastgreinda tilviki. Kvaðst ákærði hafa greint eiginkonunni, Y, frá athæfinu, skömmu eftir að síðasti atburður gerðist, og í framhaldi leitað sér aðstoðar hjá geðlækni. Er þetta í samræmi við gögn málsins.

Eins og áður var rakið, liggur fyrir í réttinum myndbandsupptaka af viðtali því, sem Einar Ingi Magnússon sálfræðingur átti við telpuna X að kveldi 3. febrúar sl., og var myndbandið sýnt við aðalmeðferð málsins. Það var samdóma skoðun sækjanda og skipaðs verjanda, að ekki væri ástæða til að kalla telpuna fyrir dóm til yfirheyrslu, en frásögn hennar samkvæmt myndbandinu er í aðalatriðum í samræmi við framburð hennar fyrir lög-reglu svo og verknaðarlýsingu í ákæruskjali.

Vitnið Einar Ingi Magnússon sálfræðingur hefur fyrir dómi staðfest verk sín, og að mati hans var það vafalaust, að telpan var að skýra frá eigin reynslu í myndbandsviðtalinu. Vitnið vísaði í því samhengi til samfelldrar frásagnar telpunnar og alls frásagnarmáta. Vitnið greindi frá því, að hann hefði vegna félagslegra erfiðleika telpunnar og fjölskyldu hennar haft afskipti af málefnum hennar allt frá árinu 1995. Vitnið lýsti telpunni sem vel gerðum einstaklingi, sem þó bæri greinileg merki félagslegra erfiðleika. Bar vitnið, að aðgerðir barnaverndaryfirvalda af telpunni hefðu miðað að því að bæta úr þeim heildarskaða, sem telpan hafði orðið fyrir á lífsleiðinni. Að mati vitnisins var öll frekari röskun í lífi telpunnar til þess fallin að valda henni frekara tjóni. Vitnið staðhæfði, að vegna kvíða og öryggisleysis, einkum í samskiptum sínum við fullorðið fólk, hefði telpan þurft á stöðugum stuðningi að halda, og bar, að meðferð hennar stæði enn yfir. Vitnisburður

Mörtu G. Bergman, félagsmálastjóra í Hafnarfirði, og Maríu Hjálmarasdóttur yfirfélagsráðgjafa fyrir dómi var í öllum aðalatriðum samhljóða vitnisburði Einaris Inga Magnússonar, og staðfestu þær verk sín líkt og lögreglumenn, sem unnu að rannsókn málsins, þeir Gísli Pálsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og lögregluvarðstjórnir Bjarni Höskuldsson og Hreiðar Hreiðarsson.

## 2. Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, þykir vera fram komin lögfull sönnun fyrir því, að ákærði hafi í janúarmánuði 1997 haft í frammi kynferðislega áreitni gagnvart stúlkubarninu X með því að þukla á henni, líkt og lýst er í I. kafla ákæruskjals, svo og að hafa í lok mánaðarins auk nefnds þukls gerst sekur um kynferðismök við telpuna með því að snerta ytri kynfæri hennar með getnaðarlim sínum, líkt og rakið er í II. kafla ákæruskjals. Ágreiningslaust er, að ákærði hafði tekið við stúlkunni til vistunar af barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar nokkrum mánuðum fyrir greinda verknaði.

Hin saknæma háttsemi ákærða samkvæmt I. kafla ákæru varðar við 2. mgr. 201. gr. og 2. málslíð 1. mgr. 202. gr., en við 1. mgr. 201. gr. og 1. málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna þeirrar háttsemi, sem rakin er í II. kafla ákæru, sbr. og 9. og 10. gr. laga nr. 40/1992.

3. Ákærði, sem er 62 ára að aldri, hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður gerst sekur við hegningarlög. Að áliti dómsins er hann sakhæfur.

Brot ákærða eru alvarlegs eðlis og beindust að stúlkubarni, fjögurra ára, sem honum hafði verið trúað fyrir til uppeldis í skamman tíma vegna erfiðleika hennar. Ákærði misnotaði aðstöðu sína og trúnaðartraust barnsins, en hann mátti gera sér grein fyrir, að háttsemin var til þess fallin að valda barninu alvarlegu andlegu tjóni. Ákærði játaði brot sín hins vegar greiðlega og af hreinskilni. Þá hefur hann undanfarna mánuði leitað sér aðstoðar hjá geðlækni. Ákveða ber refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og að öllu framangreindu virtu þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fimmtán mánaða fangelsi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr., en málið flutti af hálfu ákæruvalds Halla Bergþóra Björnsdóttir, sýslumannsfulltrúi á Húsavík.

Dómsuppkvaðning hefur tafist lítilliga vegna embættisanna dómara.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Sigurðsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr.

---